

### **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um stofnun embættis hagsmunafulltrúa aldraðra í Reykjavík**

Lagt er til að stofnað verði embætti hagsmunafulltrúa aldraðra í Reykjavík. Meginhlutverk hans verði að skoða málefni eldri borgara og halda utan um hagsmuni þeirra, fylgjast með aðhlyningu og aðbúnaði. Hann kortleggur stöðuna í húsnæðismálum aldraðra, heimahjúkrun og dægradvöl og fylgist með framkvæmd heimaþjónustu. Hann skal leggja sjálfstætt mat á það hvort borgaryfirvöld uppfylli skyldur sínar gagnvart öldruðum. Hann fylgist einnig með hvort einkaaðilar uppfylli kröfur laga um aðgengi og banni við mismunun þegar kemur að réttindum eldri borgara. Hann tekur á móti ábendingum frá borgurum um málefni eldri borgara og fræðir eldri borgara um eigin réttindi. Auk þess ber hagsmunafulltrúa að hafa frumkvæðiseftirlit með högum eldri borgara, sérstaklega með tilliti til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun, næringarskort og almennt bágan aðbúnað. Hagsmunafulltrúi aldraðra skal vekja athygli stjórnvalda og almennings á málum sem hann telur að brjóti á réttindum eldri borgara. Jafnframt skal hann gera tillögur um úrbætur á réttarreglum sem snerta aldraða og hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra. Lagt er til að öldungaráð Reykjavíkur komi að mótun hlutverks embættis hagsmunafulltrúa og að hagsmunafulltrúi gefi öldungaráði reglulega skýrslu um starfsemi embættisins.

### **Greinargerð**

Með því að stofna embætti hagsmunafulltrúa aldraðra í Reykjavík næst betri heildarsýn yfir málefni eldri borgara og eldri borgarar fá sinn málsvara sem þeir geta leitað til með eigin málefni telji þeir brotið á réttindum sínum. Hagsmunafulltrúa aldraðra er samkvæmt tillögunni ætlað að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum aldraðra almennt, jafnt á opinberum vettvangi sem hjá einkaaðilum, leiðbeina öldruðum um réttindi sín innan borgarkerfisins og bregðast við telji hann að brotið sé á þeim.

Þjónusta við aldraða dreifist á ríki, sveitarfélög, félagasamtök og einkaaðila. Lög og reglur um málaflokk aldraðra eru flókin, ekki síst á sviði skatta, almannatrygginga og heilbrigðismála. Aldraðir eru stór og fjölbreyttur hópur og misjafnlega fær um að gæta eigin réttar og hagsmuna. Fordæmi eru fyrir því að réttindagæsla fyrir ákveðna hagsmunahópa skili árangri. Sem dæmi hefur umboðsmaður barna unnið mikilvægt starf undanfarna áratugi og einnig má nefna réttindagæslumenn fatlaðs fólks. Öldungaráð Reykjavíkur er samráðsvettvangur sem hefur það hlutverk að gæta hagsmuna eldri borgara gagnvart stjórnvöldum og kemur að stefnumótun í málefnum þeirra. Markmiðið með þessari tillögu er ekki að hagsmunafulltrúi eldri borgara taki við starfsemi öldungaráðs. En ráðning hagsmunafulltrúa myndi tryggja það að faglega menntaður einstaklingur í launadri stöðu sinni virkri réttargæslu í þágu eldri borgara. Þá getur slíkt embætti veitt öldungaráði mikla aðstoð í sínum störfum þar sem hagsmunafulltrúi gæti þá fylgst með því að ábendingum öldungaráðs sé fylgt eftir í framkvæmd. Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar þess vegna eftir því að öldungaráð Reykjavíkur fái tillögu þessa til umfjöllunar og umsagnar. Að mati fulltrúa Flokks fólksins er rík þörf á því að aldraðir eigi málsvara í Reykjavík sem gætir réttinda og hagsmuna aldraðra og leiðbeinir þeim um rétt þeirra.

Tillagan um stofnun embættis hagsmunafulltrúa eldri borgara var áður flutt af fulltrúa Flokks fólksins í borgarstjórn vorið 2019 en var þá felld í kjölfar umsagnar öldungaráðs. Þáverandi öldungaráð Reykjavíkur veitti neikvæða umsögn þar sem sagði að nú þegar væri verið að fjalla um þessi mál auk þess sem starfandi var „umboðsmaður borgarbúa sem fer meðal annars með málefni eldri borgara“ eins og segir í umsögninni. Ekki var talin þörf á sérstökum hagsmunafulltrúa aldraðra í Reykjavík. Umsögnin kom á óvart í ljósi þess hversu brösuglega gekk að reka embætti umboðsmanns borgarbúa. Fram kom hjá umboðsmanninum að mikið álag væri á embættið og málsmeðferðartími langur. Ljóst var að embættið hefði þurft mun meira

fjármagn og mannafla til að anna öllum þeim málum sem það fékkst við. Embætti umboðsmanns borgarbúa var stuttu síðar lagt niður.

Flokkur fólksins á Alþingi hefur einnig í þrígang lagt fram tillögu um hagsmunafulltrúa aldraðra á vegum ríkisins. Öldungaráð Reykjavíkur sendi inn umsagnir í bæði skiptin sem voru innihaldslega ólíkar. Sú sem send var vegna þingsályktunartillögu Flokks fólksins um embætti hagsmunafulltrúa aldraðra á vegum ríkisins var sú sama og hafði áður verið send vegna tillögu um hagsmunafulltrúa á sveitarstjórnarstigi 2019. Öldungaráðið á þessum tíma lagðist gegn tillögunum með þeim rökum að nú þegar væri verið að vinna þessi störf af starfsmönnum velferðarsviðs og hagsmunafélaga.

Síðari umsögn öldungaráðs Reykjavíkur sem dagsett er 14. október 2019 fagnar hins vegar tillögu Flokks fólksins á Alþingi um hagsmunafulltrúa og hvetur til þess að félags- og barnamálaráðherra leggi fyrir árslok 2020 fram frumvarp til laga um embætti hagsmunafulltrúa aldraðra. Félag eldri borgara hefur ávallt verið hlynnt og stutt hugmynd um hagsmunafulltrúa aldraðra. Fulltrúi Flokks fólksins óskar þess að tillaga um hagsmunafulltrúa á sveitarstjórnarstigi sem nú er lögð fram verði send til umsagnar öldungaráðs Reykjavíkur og væntir þess að fá þaðan jákvæða umsögn.

Það er skylda sveitarfélags að sjá til þess að haft sé frumkvæði að því að nálgast jaðarsetta hópa svo sem aldraða. Með því að útvega eldri borgurum í Reykjavík eigin hagsmunafulltrúa nálgumst við það markmið og sköpum á sama tíma vettvang fyrir aldraða svo þeir geti leitað á tiltekinn stað til að fá virka hagsmunagæslu og réttarvernd. Það er jákvætt að á vegum borgarinnar sé starfrækt öldungaráð en engu að síður er þörf á embætti sem sinnir virkri réttindagæslu í þágu eldri borgara. Þannig fá eldri borgarar bæði sína fulltrúa þegar kemur að stefnumótun í formi öldungaráðs og framkvæmd í formi hagsmunafulltrúa.